

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 431/1991. **Lífeyrissjóður Austurlands**

gegn

Saltfangi hf.

Kærumál. Gjaldþrotabeiðni synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili hefur með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. október 1991. Hann gerir þær dómkröfur, að synjunarúrskurði skiptaréttar Neskaupstaðar hinn 15. október 1991 verði hrundið og bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa engar kröfur eða gögn borist til Hæstaréttar, en héraðsdómari krafði varnaraðila hinn 23. október 1991 um greinargerð, sbr. 28. gr. laga nr. 75/1973.

Jón Finnbjörnsson, setuskiptaráðandi í Neskaupstað samkvæmt bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 28. ágúst 1991, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð. Hann er án forsendna og hljóðar svo: „Kröfu Lífeyrissjóðs Austurlands um gjaldþrotaskipti á búi Saltfangs hf. er hafnað.“

Setuskiptaráðandi hefur samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti forsendur og rökstuddar ástæður sínar. Þar segir svo m.a.:

„Málsatvik eru einföld og greind í skjölum málsins. Með bréfum, dags. 21. júní sl., krafðist Lífeyrissjóður Austurlands þess, að bú Saltfangs hf. yrði tekið til gjaldþrotaskipta með tilvísun til árangurslausra lögtaksgerða, er fram höfðu farið sama dag... Við báðar lögtaksgerðirnar er mættur af hálfu Saltfangs hf. Kristinn Guðmundsson, sem var á þeim tíma skráður í hlutafélagaskrá sem formaður stjórnar félagsins. Er bókað svo um framburð hans fyrir fógetaréttinum: „...lýsti því yfir, að eignir félagsins, fasteign og bátur, væru yfirveðsett, og gæti hann því ekki bent á neina eign

til lögtaks.“ Er síðan bókað, að fógeti lýsti gerðina árangurslausu. Upplýst er, að Saltfang hf. á fleiri eignir en fasteignir og bát. Ekkert er hins vegar að slíku vikið við lögtaksgerðina, og bein yfirlýsing um ógjaldfærni félagsins kemur þar eigi fram. Þá hefur verið upplýst, að hluthafar í félaginu gerðu með sér samkomulag 26. apríl sl. Þar er svo fyrir mælt, að Höskuldur Guðmundsson „taki frá og með 27. apríl 1991 alfarið (sic) við rekstri Saltfangs hf...“ Jafnframt segir þar: „Aðrir hluthafar munu ekki skipta sér af rekstri félagsins, og skulu þeir hluthafar hlutlausir um ákvarðanir er varða stjórn og stefnu fyrirtækisins.“ Þá fólst einnig í samkomulaginu skilyrt framsal Kristins Guðmundssonar á hlut sínum í félaginu til félagsins. Skiptaráðandi kannaði utan réttar skráningu í hluta-félagaskrá, og kom þar í ljós, að Kristinn og Skúli Aðalsteinsson tilkynntu úrsögn sína úr stjórn félagsins 22. júlí 1991. Að framan-greindu athuguðu, einkum því, að Kristinn Guðmundsson sýnist hættur afskiptum af rekstri félagsins og að hann lýsir ekki fortaks-laust yfir ógjaldfærni félagsins, sýndist skiptaráðanda eigi fullnægt skilyrðum c-liðar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6/1978, og bæri því að hafna kröfu gjaldþrotabeiðanda.“

Þegar setuskiptaráðandinn í Neskaupstað kvað upp hinn kærða úrskurð, lá fyrir honum skriflegt samkomulag hluthafa varnaraðila frá 26. apríl 1991, þar sem skýrlega kom fram, að Höskuldur Guðmundsson tæki þegar í stað við öllum rekstri félagsins og aðrir hluthafar myndu ekki skipta sér af honum og vera hlutlausir um ákvarðanir, er vörðuðu stjórn og stefnu fyrirtækisins. Höskuldur Guðmundsson ábyrgðist jafnframt að létta af öðrum hluthöfum tilteknum persónulegum ábyrgðarskuldbindingum, og samþykkti Kristinn Guðmundsson að framselja til félagsins hlutabréf sín í því án endurgjalds gegn staðfestingu fyrir afléttingu umræddra skuldbindinga. Ekki hefur verið upplýst, hvenær framangreindar til-færslur áttu sér stað. Þegar mál þetta var fyrst tekið fyrir í skipta-rétti Neskaupstaðar 27. september 1991, lýsti Höskuldur Guð-mundsson, framkvæmdastjóri félagsins, því yfir, að fyrirtækið ætti fyrir skuldum, og krafðist hann þess, að mat færi fram á eignum félagsins. Þótt úrsögn Kristins Guðmundssonar úr stjórn varnar-aðila hafi ekki verið tilkynnt hlutafélagaskrá fyrr en 21. júlí 1991, verður allt að einu að telja með hliðsjón af fyrrnefndu samkomu-

lagi, yfirlýsingu framkvæmdastjóra fyrir skiptarétti og tiltölulega lágri kröfufjárhæð sóknaraðila við fógetagerðina 21. júní sl., sem var 153.748,50 krónur, að setuskiptaráðandinn hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að yfirlýsing Kristins Guðmundssonar í fógetaréttinum gæfi ekki ótvíræða vísbendingu um eignir og skuldir varnaraðila, sbr. c-lið 1. tl. 13. gr. laga nr. 6/1978. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.
